# Keflavík, knattspyrnudeild

Ársreikningur

# 2022

Keflavík, knattspyrnudeild
Skólavegi 32
230 Reykjanesbæ
kr. 541094-3269

## Rekstrarhlutar í ársreikningi

Meðfylgjandi ársreikningur inniheldur upplýsingar um neðangreinda rekstrarhluta.
(merkið X framan við hverja línu eins og við á)

| | |
|---|---|
| x | Meistaraflokkur karla |
| x | 2. flokkur karla |
| x | 3. flokkur karla |
| x | 4. flokkur karla |
| x | 5. flokkur karla |
| x | 6. flokkur karla |
| x | 7. flokkur karla |
| x | 8. flokkur karla |

| | |
|---|---|
| x | Meistaraflokkur kvenna |
| x | 2. flokkur kvenna |
| x | 3. flokkur kvenna |
| x | 4. flokkur kvenna |
| x | 5. flokkur kvenna |
| x | 6. flokkur kvenna |
| x | 7. flokkur kvenna |
| x | 8. flokkur kvenna |

*Ef um rekstarfélag/hlutafélag utan um tiltekinn/tiltekna rekstrarhluta er að ræða. Hvaða rekstrarhluta?*

______________________________________________

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar Knattspyrnudeildar Keflavíkur.**

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Knattspyrnudeildar Keflavíkur fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Knattspyrnudeild Keflavíkur í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.
Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnudeildar Keflavíkur. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.
Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:
• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær, 31. janúar 2022

**Íslenskir endurskoðendur, ráðgjöf ehf.**

Guðni Þór Gunnarsson
endurskoðandi

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Knattspyrnudeildar Keflavíkur fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Aðalstarfsemi Knattspyrnudeildar er rekstur knattspyrnudeildar.

Tap Knattspyrnudeildar Keflavíkur á árinu 2022 nam kr. 9.702.247. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 53.380.388, bókfært eigið fé í árslok er kr. 18.001.533 og er eiginfjárhlutfall félagsins 34%.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði fært yfir óráðstafað eigið fé.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Knattspyrnudeildar Keflavíkur að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar Keflavíkur staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Keflavík, 28. janúar 2023

**Í stjórn**

stjórnarformaður

**Framkvæmdastjóri**

# TCP 21.1 - IXA
## Rekstrarreikningur

| Rekstrarreikningur - Tekjur | Skýring | 2022 | 2021 | Frávik | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Kr. | % |
| **Tekjur** | | | | | |
| Miðasala | | 8.368.114 | 4.708.620 | 3.659.494 | 78% |
| Auglýsingar og samstarfsaðilar (sponsorar) | | 28.350.722 | 28.341.400 | 9.322 | 0% |
| Útsendingarréttur (Sjónvarp, útvarp o.fl.) | | 22.187.296 | 14.979.167 | 7.208.129 | 48% |
| Söluvarningur og veitingar | | 22.282.877 | 24.283.523 | -2.000.646 | -8% |
| Leigutekjur | | 0 | 0 | 0 | 0% |
| Aðrar rekstrartekjur | | 247.810.657 | 232.386.708 | 15.423.949 | 7% |
| **Heildartekjur** | | **328.999.666** | **304.699.418** | **24.300.248** | **8%** |
| **Gjöld** | | | | | |
| Vörunotkun | | 23.074.451 | 22.938.365 | 136.086 | 1% |
| Laun og tengd gjöld | 4 | 211.455.129 | 162.116.919 | 49.338.210 | 30% |
| Rekstur mannvirkja | | 6.313.013 | 16.753.370 | -10.440.357 | -62% |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 3.503.241 | 4.336.235 | -832.994 | -19% |
| Annar rekstrarkostnaður | | 93.979.802 | 72.691.853 | 21.287.949 | 29% |
| Afskriftir og niðurfærsla | | 514.780 | 614.780 | -100.000 | -16% |
| | | | | 0 | 0% |
| **Heildargjöld** | | **338.840.416** | **279.451.522** | **59.388.894** | **21%** |
| | | | | | |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og söluhagnað (-tap)** | | **-9.840.750** | **25.247.896** | **-35.088.646** | **-139%** |
| Fjármunatekjur | 3 | 353.669 | 166.804 | 186.865 | 112% |
| Fjármagnsgjöld | 3 | -215.166 | -102.476 | -112.690 | 110% |
| Söluhagnaður eigna | | 0 | 0 | 0 | 0% |
| Söluhagnaður leikmanna | | 0 | 0 | 0 | 0% |
| Sölutap eigna | | 0 | 0 | 0 | 0% |
| Sölutap leikmanna | | 0 | 0 | 0 | 0% |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga | 7 | 0 | 0 | 0 | 0% |
| **Samtals** | | **138.503** | **64.328** | **74.175** | **115%** |
| **Hagnaður (-tap) ársins** | | **-9.702.247** | **25.312.224** | **-35.014.471** | **-138%** |

# TCP 21.1 - IXB
## Efnahagsreikningur

| Efnahagsreikningur | Skýring | 2022 | 2021 | Frávik | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Kr. | % |
| **Eignir** | | | | | |
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Leikmenn | 6 | 4.700.000 | 4.900.000 | -200.000 | -4% |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 5 | 1.213.266 | 1.728.046 | -514.780 | -30% |
| Fjárfestingaverðbréf | | 0 | 0 | 0 | 0% |
| **Fastafjármunir alls** | | **5.913.266** | **6.628.046** | **-714.780** | **-11%** |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Viðskiptakröfur | 9 | 31.878.954 | 15.399.034 | 16.479.920 | 107% |
| Handbært fé | 11 | 15.588.168 | 34.989.530 | -19.401.362 | -55% |
| **Veltufjármunir alls** | | **47.467.122** | **50.388.564** | **-2.921.442** | **-6%** |
| **Samtals eignir** | | **53.380.388** | **57.016.610** | **-3.636.222** | **-6%** |
| **Skuldir og eigið fé** | | | | | |
| **Eigið fé** | 12 | | | | |
| Hlutafé | | 0 | 0 | 0 | 0% |
| Endurmatsreikningur leikmanna | | 1.090.000 | 990.000 | 100.000 | 10% |
| Óráðstafað eigið fé (Ójafnað tap) | | 16.911.533 | 26.613.780 | -9.702.247 | -36% |
| **Eigið fé alls** | | **18.001.533** | **27.603.780** | **-9.602.247** | **-35%** |
| **Skammtímaskuldir (< eða = 1 ár)** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | 15 | 16.375.481 | 13.744.196 | 2.631.285 | 19% |
| Skuldir við tengda aðila | 17 | 12.793.003 | 12.993.003 | -200.000 | -2% |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16 | 6.210.371 | 2.675.631 | 3.534.740 | 132% |
| **Skammtímaskuldir alls** | | **35.378.855** | **29.412.830** | **5.966.025** | **20%** |
| **Skuldir alls** | | **35.378.855** | **29.412.830** | **5.966.025** | **20%** |
| | | | | | |
| **Samtals skuldir og eigið fé** | | **53.380.388** | **57.016.610** | **-3.636.222** | **-6%** |

# TCP 21.1 - IXC
# Yfirlit um sjóðstreymi

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði og skatta | -9.840.750 | 25.247.896 |
| Bakfærðir rekstrarliðir | -19.310.389 | -7.894.774 |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda | -10.513.895 | -11.257.116 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta | -39.665.034 | 6.096.006 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 353.669 | 166.804 |
| Greiddir vextir | -215.166 | -102.476 |
| Innborgaðar óreglulegar tekjur (gjöld) | 0 | 0 |
| Greiddir skattar | 0 | 0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **-39.526.531** | **6.160.334** |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | |
| Tekjur af sölu leikmanna | 20.125.169 | 8.909.554 |
| Kostnaður vegna leikmannakaupa | 0 | -400.000 |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | 0 | 0 |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 0 | 0 |
| Keyptar aðrar eignir | 0 | 0 |
| Söluverð annarra eigna | 0 | 0 |
| **Fjárfestingahreyfingar alls** | **20.125.169** | **8.509.554** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Hlutafjáraukning | 0 | 0 |
| Arðgreiðslur | 0 | 0 |
| Hækkun/lækkun skammtímabankalána | 0 | 0 |
| Tekin ný langtímalán | 0 | 0 |
| Afborganir langtímalána | 0 | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar alls** | **0** | **0** |
| **Aukning (minnkun) handbærs fjár** | **-19.401.362** | **14.669.888** |

| | | |
|---|---|---|
| Handbært fé í upphafi árs | 34.989.530 | 20.319.642 |
| **Handbært fé í lok árs** | **15.588.168** | **34.989.530** |

# TCP 21.1 - /1
# Skýringar

## Skýringar

### 1. Grunnupplýsingar félags

| | |
|---|---|
| **Nafn, rekstrarform og skipulag:** | Keflavík knattspyrnudeild |
| **Lögheimili:** | Sunnubraut |
| **Tímabil fjárhagsárs (frá, til) og lokadagur:** | 1.1-31.12 2022 |

**Framkvæmdastjórn félagsins:**
(rekstrarstjórn: yfirstjórn félagsins)

| Nafn og heimilisfang | Staða | Kjörinn til |
|---|---|---|
| Karl Daníel Magnússon | Framkvæmdastjóri | |

**Aðalstjórn félagsins:**
(stefnumótandi ákvarðanir: eftirlitsstörf)

| Nafn og heimilisfang | Staða | Kjörinn til |
|---|---|---|
| Sigurður Garðarsson | Formaður | 2022 |
| Gunnar Oddsson | Varaformaður | 2023 |
| Jóhann Snorri Sigurbergsson | Gjaldkeri | 2023 |
| Guðlaugur Gunnólfsson | Ritari | 2023 |
| Ingvar Georgsson | Meðstjórnandi | 2023 |

### 2. Reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningur Keflavíkur knattspyrnudeildar fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

**Mat og ákvarðanir**

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

**Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum**

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Eignarhlutar í dóttur- og hlutadeildarfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

# TCP 21.1 - /2
# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Viðskiptavild

Viðskiptavild er færð til eignar og annað hvort afskrifuð með kerfisbundnum hætti, þó ekki á lengri tíma en 20 árum, eða metin með tilliti til virðisrýrnunar á reikningsskiladegi. Við mat á virðisrýrnun er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Við núvirðisútreikning er notuð vaxtaprósenta sem samsvarar vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar, þ.e. kostnaði skulda og eigin fjár að teknu tilliti til skatta. Ef gangvirði viðskiptavildar (núvirt vænt fjárstreymi) reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum er framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

# TCP 21.1 - /3
# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Óefnislegar eignir

Verðgildi leikmanna er metið samkvæmt viðeigandi stuðlum um áramót. Heildarverðgildi leikmanna samkvæmt því mati er fært til eignar sem óefnislegar eignir meðal fastafjármuna. Endurmat á verðgildi leikmanna (þ.e. breyting á verðgildi leikmanns miðað við stuðul frá fyrra tímabili) færist á sérstakan endurmatsreikning meðal

Leikmenn eru metnir á kaupverði séu leikmenn keyptir á hærra verði en stuðull segir til um, mismunur kaupverðs og stuðuls er afskrifaður í rekstrarreikningi á samningstíma leikmanns.

Hagnaður eða tap vegna sölu leikmanna er mismunur á milli söluverðs og stuðuls/bókfærðs verðs og er tekjufært/gjaldfært á söluári.

### Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færist matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

# TCP 21.1 - /4
# Skýringar

### 3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

| | Núverandi ár | Fyrra ár |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 353.669 | 166.804 |
| **Samtals** | 353.669 | 166.804 |

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | Núverandi ár | Fyrra ár |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir | -215.166 | -102.476 |
| **Samtals** | -215.166 | -102.476 |

### 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | Núverandi ár | Fyrra ár |
|---|---|---|
| Laun | 191.573.926 | 149.326.498 |
| Hlunnindi | | |
| Lífeyrissjóður | 12.073.259 | 7.741.272 |
| Önnur launatengd gjöld | 7.807.944 | 5.049.149 |
| Annar starfsmannakostnaður | | |
| **Samtals** | 211.455.129 | 162.116.919 |

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2021 námu 11,2 milljónum króna.

# TCP 21.1 - /5
# Skýringar

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Bifreiðar | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Kostnaðarverð í ársbyrjun | 2.380.000 | 8.184.297 | **10.564.297** |
| Kostnaðarverð í árslok | 2.380.000 | 8.184.297 | **10.564.297** |
| Afskrifað í ársbyrjun | 2.142.000 | 6.694.251 | **8.836.251** |
| Afskrifað á árinu | 0 | 514.780 | **514.780** |
| Afskrifað í árslok | 2.142.000 | 7.209.031 | **9.351.031** |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 238.000 | 1.490.046 | **1.728.046** |
| Bókfært verð í árslok | 238.000 | 975.266 | **1.213.266** |
| Afskriftarhlutföll | 10-30% | 20-35% | |

## 6. Leikmenn

| | Núverandi ár | Fyrra ár |
|---|---|---|
| Bókfært verðleikmanna í ársbyrjun | 4.900.000 | 4.300.000 |
| Eignfærðir leikmenn á árinu | 900.000 | 2.700.000 |
| Seldir og aflagðir leikmenn á árinu | -300.000 | -1.500.000 |
| Afskrifað á árinu | 0 | 100.000 |
| Matsbreytingar | -800.000 | -700.000 |
| **Bókfært verð leikmanna í árslok** | **4.700.000** | **4.900.000** |

# TCP 21.1 - /6
# Skýringar

**9. Viðskiptakröfur**

| | Núverandi ár | Fyrra ár |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 29.548.954 | 15.399.034 |
| Erlendar viðskiptakröfur | 3.030.000 | |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | -700.000 | |
| **Samtals** | **31.878.954** | **15.399.034** |

# TCP 21.1 - /7
# Skýringar

## 11. Handbært fé

| | Núverandi ár | Fyrra ár |
|---|---|---|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 15.588.168 | 34.989.530 |
| **Samtals** | **15.588.168** | **34.989.530** |

## 12. Eigið fé

| | Hlutafé | Sérstakt endurmat | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2020 | | 290.000 | 1.301.556 | 1.591.556 |
| Endurmat leikmanna | | 700.000 | | 700.000 |
| Hagnaður/(tap) ársins | | | 25.312.224 | 25.312.224 |
| Eigið fé 1.1.2021 | 0 | 990.000 | 26.613.780 | 27.603.780 |
| Endurmat leikmanna | | 100.000 | | 100.000 |
| Hagnaður/(tap) ársins | | | -9.702.247 | -9.702.247 |
| Eigið fé 31.12.2021 | 0 | 1.090.000 | 16.911.533 | 18.001.533 |

## 15. Viðskiptaskuldir

| | Núverandi ár | Fyrra ár |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 16.375.481 | 13.744.196 |
| **Samtals** | **16.375.481** | **13.744.196** |

## 16. Aðrar skammtímaskuldir

| | Núverandi ár | Fyrra ár |
|---|---|---|
| Skuldir við starfsmenn | | |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 6.210.371 | 2.675.631 |
| **Samtals** | **6.210.371** | **2.675.631** |

# TCP 21.1 - /9
# Skýringar

**17. Viðskipti við tengda aðila (hluthafa, eigendur, tengd fyrirtæki, stjórn, stjórnarmenn)**

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

| Nafn | Eðli og umfang viðskipta |
|---|---|
| Keflavík, aðalstjórn | Lán, styrkir |
| | |
| | |
| | |

| Viðskipti við tengd félög árið 2022: | Keypt þjónusta og vörur | Seld þjónusta og vörur | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Keflavík, aðalstjórn | 0 | 4.000.000 | 0 | 12.793.003 |
| | 0 | 4.000.000 | 0 | 12.793.003 |

| Viðskipti við tengd félög árið 2021: | Keypt þjónusta og vörur | Seld þjónusta og vörur | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Keflavík, aðalstjórn | 0 | 2.200.000 | 0 | 12.993.003 |
| | 0 | 2.200.000 | 0 | 12.993.003 |

**18. Upplýsingaskrá um leikmenn**

Sjá upplýsingatöflu skv. uppsetningu KSÍ í Tækjakassa

**19. Félagaskipti**

Sjá félagaskiptatöflur skv. uppsetningu KSÍ í Tækjakassa